



Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Íslenski hesturinn hefur verið tryggur förunautur okkar í þúsund ár, fyrrum ómissandi bændum og ferðalöngum í erfiðu landi, nú vinsæl dægrastytting jafnt innan lands sem utan. Hann fylgdi hinum fyrstu landnámsmönnum yfir hafið, festi hér rætur og kemur víða við fornar sögur okkar. Vakrir gæðingar, fjölhæfir og þrautseigir, hafa um aldir kveikt stökur hagrýðinga, veitt skáldum innblástur í sígild ljóð og myndlistarmönnum í fögur verk, og svo er enn.

Íslenski hesturinn er samofinn náttúru landsins: litfagurt stóð rennur um grasbala við jökulfljót; ferðalangur á fjöllum með tvo í taumi; lestargangur á einstigi við klettabrún og hvítar öldur langt fyrir neðan. Íslenski hesturinn hefur verið náðargjöf í ævintýri um eyþjóð í útnorðri.

Við vegamót nýrrar aldar er efnt til hátíðar í höfuðborg Íslands – hátíðar sem helguð er hestinum, getu hans og glæsilegum eiginleikum. Landsmót hestamanna árið 2000 mun sýna sambúð manns og hests í tignarlegu og fjölbreyttu umhverfi Reykjavíkur.

Landsmót hestamanna í Reykjavík á aldamótaári mun sannarlega verða með öðru sniði en hin fyrri. Þúsundir hesta munu tölta, brokka og skeiða um fagar reiðleiðir höfuðborgarinnar og verður sú hátíðarreið einstakur viðburður. Ásamt fjölbreyttu og lifandi sýningarhaldi verður hún vitnisburður um sáttargjörð þéttbýlis og náttúru.

Öllum aðdáendum íslenska hestsins nær og fjær - í Evrópu, Ameríku og öðrum heimsálfum - er boðið að fjölmenna til þessarar merku hestahátíðar.

Hittumst heil í hátíðarreiðinni!

